


AKUREYRI



Séð inn eftir kirkjuskipinu í Glerárkirkju.

Mikið líf í kirkjunni

FJÖLBREYTT starfsemi fer fram í húsnaði Glerárkirkju.

Skátastarf í Glerárhverfi fer fram í kirkjunni, þar starfa nú fjórar sveitir, Gaulverjar, Árbúar, Sútur og Pollar og eru samtals um 130 skátar starfandi í þessum sveitum. Þeir hafa til ráðstöfunar fundarsal, fjögur flokksherbergi, foringjaherbergi og eldhús.

Leikskólinn Krógaból hefur verið rekinn á neðri hæð kirkjunnar um árabíl og eru rúmlega 30 börn í leikskólanum.

Parkinsonsfélagið á Akureyri var stofnað í Glerárkirkju árið 1987 og eru nú um 40 manns í félaginu, en félagið hefur fundaraðstöðu í kirkjunni.

Glerárdeild AA-samtakanna voru stofnuð við Glerárkirkju árið 1986 og hefur starfsemi farið þar fram síðan.

Þá má nefna að Áhugahópur um brjóstgöf og vöxt og þroska barna hefur síðan í september staðið fyrir opnu húsi í Glerárkirkju einu sinni í viku.

Starfsfólk Glerárkirkju

Við Glerárkirkju starfa nokkrir starfsmenn, þar er um að ræða sjálfboðaliða, fólk í hlutastarfi eða í fullu starfi.

Sóknarpresturinn er sr. Gunnlaugur Garðarsson, en hann kom við Lögmannshlíðarsókn sumarið 1991. Organisti og kórstjóri er Jóhann Baldvinsson, en því starfi hefur hann gegnt frá því haustið 1987. Sverrir Pálmason er umsjónarmaður Glerárkirkju og kirkjuvörður er Orri Torfason.

Tveir meðhjálparar eru við kirkjuna, Aðalheiður Stefánsdóttir og Elfa Bryndís Kristjánsdóttir. Þorsteinn Pétursson er umsjónarmaður með barnastarfi Glerárkirkju og Hlédís Hálfánardóttir er aðstoðarmaður við barnastarfið. Leiðtogi í sækulýðsstarfi er Jóhann H. Þorsteinsson og Sigríður Halldórsdóttir hefur umsjón með fyrirbænastundum.

Fögnuður í huga og hjarta

- segir sr. Gunnlaugur Garðarsson

„ÞAÐ ER mikill fögnuður í huga og hjarta yfir þessari stóru stund, nú er allt til reiðu fyrir starf og þjónustu við söfnuðinn. Það skapast margir möguleikar, en réttlæti fyrir kirkjubyggingum fáum við hvern nema hjá Guði sjálfum,“ sagði sr. Gunnlaugur Garðarsson sóknarprestur.

Í sókninni búa nálega 6.000 manns og sagði sr. Gunnlaugur að starfs prests í svo stórrí sökn væri mikið. Í raun væri sóknin komin upp fyrir þau viðmiðunarmörk sem ríkisvaldið setti varðandi prestþjónustu í þéttbýli, en samkvæmt þeim mörkum ættu tveir prestar að vera starfandi þar. Kvaðst Gunnlaugur vona að ekki yrði langt í að hægt yrði að fara eftir þessum viðmiðun-



Morgunblaðið/Rúnar Þór

Biskup Íslands, herra Ólafur Skúlason mun vígja Glerárkirkju á morgun, sunnudaginn 6. desember, rúmum átta árum eftir að fyrsta skóflustunga var tekin að kirkjunni.

Glerárkirkja vígð við hátíðlega athöfn á morgun

GLERÁRKIRKJA verður vígð við hátíðlega athöfn á morgun, sunnudaginn 6. desember, átta og hálfu ári eftir að fyrsta skóflustunga var tekin að byggingunni. Biskup Íslands herra Ólafur Skúlason mun vígja kirkjuna, Bollí Gústafsson vígubiskup þjónar fyrir altari auk þess sem sóknarprestarnir sr. Gunnlaugur Garðarsson og sr. Birgir Snæbjörnsson prófastur í Eyjafjarðarprófastsdæmi aðstoða við athöfnina. Að vígsluathöfn lokinni verður kirkjugestum boðið til kaffisamsætis.

„Þetta er stór stund, það hefur verið gaman að fylgjast með byggingunni frá upphafi og sjá nú fyrir endann á þessu verki. Það hafa margir lagt hönd á plóginn og starfað við bygginguna, við höfum ekki nákvæmlega tekið saman hversu mikið starf sjálfboðaliða er en vitum að það er mjög mikið, sérstaklega tóku margir þátt í starfinu þegar fyrsti áfangi kirkjunnar var vígður

í byrjun árs 1987. Það hefur mikil orka farið í þetta uppbyggingarstarf á síðustu árum og nú hefur söfnuðinum verið búin góð starfsaðstaða. Nú má segja að við getum farið að einbeita okkur að því að byggja upp safnaðarstarfið,“ sagði Gunnhildur Ásgeirsdóttir formaður sóknarnefndar. „Það hefur allt gengið afskaplega vel og í raun er þetta tímabil, rúmlega átta ár skammur tími þegar við skoðum þetta mikla mannvirki. Við höfum í öllu okkar starfi miðað við að hér sé verið að reisa varanlega byggingu sem standa á um ókomin ár og því hefur verið vandað til verksins á allan hátt, án þess þó að um íburð sé að ræða.“

Rúmlega 2.000 fm bygging Svanur Eiríksson arkitekt teiknaði Glerárkirkju, en byggingastjóri frá upphafi hefur verið Eiríkur Stefánsson. Kirkjan er um 2.100 fermetrar að stærð á tveimur hæðum, en kjallari undir kirkjunni er um 1.000 fermetrar og þar fer fram margvísleg starfsemi. Sæti eru í kirkjunni fyrir rúmlega 600 manns, auk þess sem rúmgóðir salir til hlíðar nýtast til kennslu og fundahalda. Heildarkostnaður við kirkjubygginguna nemur um 250 milljón-

um, en hið sama væri uppi á teningnum í mörgum öðrum sökunum. „Það myndi breyta miklu og aukast möguleikar ef fjölgað yrði bæði leikum og lærdum í hópnum,“ sagði Gunnlaugur. „Þetta er mikil gleði-hátíð, ekki bara fyrir íbúa í Glerárhverfi, ég trúir því að allir Akureyringar muni samfagna með okkur og eins þeir sem bera kirkjur landsins fyrir brjósti.“



Sr. Pálmi Matthíasson, fyrsti sóknarprestur Glerárkirkju.



Sr. Pétur Þórarinnsson var sóknarprestur í tæp tvö ár.



Sr. Gunnlaugur Garðarsson núverandi sóknarprestur.

um króna, en ekki er inni í þeirri tölu reiknað með hinni miklu sjálfboðavinnu sem innt hefur verið af hendi allt frá því byrjað var á byggingunni. Halldór Jónsson gjaldkeri sagði að byggingin hefði verið fjármögnuð með þeim hluta sóknargjalda sem ekki fóru í rekstur, en á meðan á byggingunni stóð var reynt að halda útgöldum vegna rekstrar í lágmarki. Þá hefur fé verið safnað og einnig hefur gjafafé borist auk þess sem menn hafa gefið vinnu, afslætti vegna efniskaupa og fleira ámóta. Loks hefur byggingu Glerárkirkju verið fjármögnuð með lántökum og nefndi Halldór að Lífeyrissjóðurinn Sameining hefði reynst vel í því efni auk fleiri aðila.

Rúmlega 2.000 fm bygging

Svanur Eiríksson arkitekt teiknaði Glerárkirkju, en byggingastjóri frá upphafi hefur verið Eiríkur Stefánsson. Kirkjan er um 2.100 fermetrar að stærð á tveimur hæðum, en kjallari undir kirkjunni er um 1.000 fermetrar og þar fer fram margvísleg starfsemi. Sæti eru í kirkjunni fyrir rúmlega 600 manns, auk þess sem rúmgóðir salir til hlíðar nýtast til kennslu og fundahalda. Heildarkostnaður við kirkjubygginguna nemur um 250 milljón-

um króna, en ekki er inni í þeirri tölu reiknað með hinni miklu sjálfboðavinnu sem innt hefur verið af hendi allt frá því byrjað var á byggingunni. Halldór Jónsson gjaldkeri sagði að byggingin hefði verið fjármögnuð með þeim hluta sóknargjalda sem ekki fóru í rekstur, en á meðan á byggingunni stóð var reynt að halda útgöldum vegna rekstrar í lágmarki. Þá hefur fé verið safnað og einnig hefur gjafafé borist auk þess sem menn hafa gefið vinnu, afslætti vegna efniskaupa og fleira ámóta. Loks hefur byggingu Glerárkirkju verið fjármögnuð með lántökum og nefndi Halldór að Lífeyrissjóðurinn Sameining hefði reynst vel í því efni auk fleiri aðila.

Margir hafa aðstoðað við kirkjubygginguna

Glerárkirkja tilheyrir Lögmannshlíðarsókn og var Lögmannshlíðarkirkja eina kirkja sóknarinnar til fjölda ára. Eftir að byggð jókst utan Glerár þótti mörgum tímabært að reisa kirkju í hverfinu og var fyrsta bygginganefndin skipuð í lok árs 1969, en aðalverkefni hennar voru að finna kirkjunni stað og leiðir til að fjármagna byggingu hennar. Í fyrstu höfðu menn augastað á svæði á svokölluðum Neðri-Ás,

ofan Glerárskóla, en frá því horfið síðar, enda hafði byggðin þanist mikið út til norðurs og þetta svæði því langt í frá að vera miðsvæðis í hverfinu.

Í ársbyrjun árið 1983 var sótt um lóð undir kirkjuna á lóð Sjálfsbjargar við Bugðusiðu og hún veitt í maí það ár. Ári síðar eða 31. maí árið 1984 tók þáverandi biskup Íslands, herra Pétur Sigurgeirsson fyrstu skóflustunguna að Glerárkirkju. Fyrst var messað í kirkjunni í ágúst árið 1985, en fokheld varð kirkjan á árinu 1987 og var þá hafist handa við frágang innan húss og utan með dyggri aðstoð sjálfboðaliða úr sókninni.

Kirkjuklukkurnar voru keyptar frá Hollandi árið 1989, þær eru þrjár og vega um 1.400 kíló. Þeim var fyrst hringt 2. september árið 1990. Orgel var keypt árið 1988, rafeindahljóðfæri með tölvukubbum sem innihalda hljóðupptökur á pípum frá tveimur orgelum í Evrópu.

Þrjú prestar starfað við Glerárkirkju

Akureyrarprestakalli var skipt í tvennt árið 1981, norðan Glerár var Glerárprestakall og í upphafi heyrðu Lögmannshlíðarsókn og Miðgarðasókn í Grímsey undir prestakallið. Síðla það sama ár var fyrsti presturinn kjörinn í Glerárprestakalli, sr. Pálmi Matthíasson, en það var ekki síst fyrir hans tilstuðlan að farið var að huga að því að reisa kirkju í prestakallinu. Sr. Pálmi gegndi starfi sóknarprests þar til í apríl árið 1989 er hann var kallaður til starfa í Bústaðasókn. Við prestkosningar í júní var sr. Pétur Þórarinnsson, sem var prestur á Möðruvöllum í Hörgárdal kjörinn, en tæpum tveimur árum síðar varð hann að hætta störfum sökum veikinda. Í apríl á síðasta ári var sr. Gunnlaugur Garðarsson kjörinn og er hann starfandi sóknarprestur nú.